

Fundargerð

12. fundur í fræðslu og menningarnefnd, haldinn í Grunnskólanum á Bakkafirði 21. júní
kl. 17:00.

Mætt: Guðni Örn Hauksson, Jóhannes Jónsson, María Guðmundsdóttir, Eyrún
Kr.Júlíusdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Rósa Björk Magnúsdóttir og Steinunn Guðnadóttir.

Dagskrá.

1. Mál. Skýrsla skólastjóra grunnskólans á Bakkafirði.

Starfsmannamál Grunnskólans rædd. Engin umsókn hefur borist, enn vantar einn kennara. María og Arnar stjórna haustþingi í haust í Hafralæk. Undirbúningur hafinn. María kynnti dagskrá haustþings. Nefndin leggur áherslu á að allt starfsfólk grunnskólanna fari á haustþingið.

María og Eyrún sögðu frá kennaraferðinni til Álandseyja. Mikil ánægja með ferðina, segja mikið gagn og gaman af ferðalaginu.

Ytra matið rætt. María sátt við matið í heild. Tillaga Maríu að íþróttir og sund verði kennt á Þórshöfn, einn bekkur í einu.

2. Mál. Skýrsla leikskólastjórans á Bakkafirði.

Rósa sagði frá starfi leikskólans. Búið að panta leiktæki. Starfsfólk leikskólans fer á ráðstefnu í ágúst á Akureyri og á haustþing í Mývatnssveit. Rósa kynnti bréf frá Kómedíuleikhúsinu og óskar eftir fjárveitingu í að fá þau með leikrit hingað í september.

3. Mál. Skýrsla leikskólastjórans á Þórshöfn.

Steina varpaði fram spurningum á nefndina. Hvaða kröfur gerum við á leikskólann og fleira. Málin rædd. Starfsmannamál: Hjördís kemur inn eftir sumarfrí, verður deildarstjóri og staðgengill leikskólastjóra. Sandra er hætt og Sveinbjörg hættir í haust. Ósk Steinu er að einn starfsmaður komi í viðbót til að minnka viðveru hennar sjálfrar inn á deild, vantar meiri tíma í stjórnunarstarfið. Ný heimasíða kemur frá leikskólanum um leið og ný heimasíða hreppsins verður opnuð. Vinnsla við skóladagatal og stundaskrá stendur yfir.

4. Mál. Innsent erindi frá Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda.

Nefndin mælir ekki með fjárhagsstuðningi í keppnina eins og óskað var eftir.

5. Mál. Staða mála út af framhaldsdeild.

Lagt fram bréf frá formanni Kennarasambandi Íslands, Tíu skref til sóknar.

6. Mál. Viðhald húsnæðis Grunnskólans á Þórshöfn.

Formaður sagði frá að sveitarstjórn hafi fengið sérfræðing til að taka út húsnæðið og skila skýrslu.

Nefndin hefur lokið málefnum varðandi fræðslumálin.

Menningarmálin tekin fyrir.

1. Mál. Erindi vegna Kátra daga.

Erindi frá nefndinni um að leita styrkja til að fá leiksmiðju Frú Normu á Egilsstöðum til að koma og vinna með unglíngunum og sýna svo afraksturinn á Kátum dögum.

Menningarmálanefnd tekur jákvætt í erindið og óskar eftir að forráðamenn sveitarfélagsins verði við beiðni undirbúningsnefndar Kátra daga.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19.30

Ritari Hilma Steinarsdóttir